

**Sp.**

## **250. Tillaga til þingsályktunar**

vegna flokksstarfsemi, sem er ósamrýmanleg öryggi ríkisins.

Flm.: Jónas Jónsson, Pétur Ottesen og félagsmálaráðherra.

Sameinað Alþingi ályktar að lýsa því yfir, að það telur ekki viðunandi, að þeir menn gegni trúnaðarstörfum fyrir þjóðfélagið, eða sé sýndur vottur um sérstakt traust og viðurkenningu ríkisins, sem vitanlegt er um að vilja gerbreyta þjóðskipulaginu með ofbeldi, koma Íslandi undir erlend ríki, standa í hlýðnisaðstöðu um íslensk landsmál við valdamenn í öðrum þjóðlöndum eða vinna á annan hátt gegn fullveldi og hlutleysi ríkisins, svo sem með því að starfa í pólitískum félögum með einræðisskipulagi, sem er ósamrýmanlegt efni og anda stjórnarlaga í lýðfrjálsum löndum.

### **Greinargerð.**

Stjórnskipun Íslands og annara lýðfrjálsra landa byggist á hinni ensku þingstjórnarfyrimynd, sem þróast hefir um margar aldir. Þingræðisstjórn er framkvæmanleg þar, sem þjóð skiptist í ákveðna, varanlega flokka um landsmál, hlýðir lögum landsins og borgararnir standa saman um sæmd og vanda þjóðarinnar út á við, án tillits til skoðanamunar um innanlandsmál.

En um leið og einn eða fleiri flokkar í þingræðislandi byrja að óhlýðnast landslögum, beita ofbeldi í stað röksemda og jafnvel gerast undirlægjur valdamanna í öðrum ríkjum, þá er hætt við, að meðferð almennra mála í því landi hverfi af grundvelli laga og réttar yfir í ofbeldisathafnir og þjónustu við erlent vald. Ef um smáþjóð er að ræða, þarf sjaldan lengi að bíða eftir því, að hún glati frelsi sínu. Sú var líka raunin um íslenska lýðveldið á 13. öld. Konungar og kirkjuvald í öðrum löndum náðu flokksfylgi á Íslandi. Fylgismenn þessara útlendu valdhafa töldu sig hafa meiri skyldur við erlenda húsbændur heldur en þjóð sína. Þessir Íslendingar brutu niður frelsi og sjálfstæði landsins fyrir útlenda harðstjóra og eftir skipun þeirra. Í margar aldir leið íslenska þjóðin þungar raunir fyrir glapræði feðra sinna og frelsissviptingu. En nú virtist vera að því komið, að íslenska þjóðin gæti orðið frjáls í annað sinn og óháð erlendu valdi. Þá byrja, þótt í smáum stíl sé, hliðstæðar landsmálaöfgar við það, sem tíðkaðist á Sturlungaöldinni. Á Íslandi koma fram raddir um, að þjóðin eigi að afhenda sjálfstæði sitt og ganga undir erlent vald að nýju. Til stuðnings þessari tillögu er bent á ýmiskonar augnablikshagnað, sem myndi leiða af framsali sjálfstæðis og landsréttinda. Þá er vitað um aðra íslenska menn, sem fengið hafa fé frá erlendri byltingaþjóð til útbreiðslustarfsemi sinnar, enda taka þessir menn mikið tillit til hinna erlendu velgerðarmanna í málafylgju sinni. Þessir menn hafa á undan-gengnum árum freklega mælt með ofbeldi sem heppilegustu aðferð í landsmálastarfseminni. Loks bólar hér á landi á samtökum um félagsmál, sem eru sýnilega sniðin eftir erlendum fyrimyndum, þar sem öfgamenn hafa brotið þingræðið á bak aftur og sett harðstjórn í staðinn.

Með ályktun þessari er stefnt að því að safna fylgi lýðræðisvina í þinginu til varnar vegna frelsis lands og þjóðar. Þeir menn, sem vilja ekki hlíta núverandi þjóðskipulagi, geta tæplega ætlað til, að þeim verði falið að standa á verði um rétt og hagsmuni þess þjóðfélags, sem þeir vilja leggja að velli. En samt njóta þessir menn, þrátt fyrir viðhorf sitt til hins stjórnfrjálsa skipulags, afarmikillar verndar og hlunninda, sem fylgismönnum parlamentarismans er neitað um í þeim löndum, sem hafa afnumið persónufrelsi, grið heimilanna og þingræðisstjórn.